

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd

Kópavogur, 5. mars 2024  
Málsnr. 1910005/HH/PBG


**Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027, 584. mál.**

Vísað er til framlagðrar þingsályktunartillögu sem nú er til meðferðar nefndarinnar en SSH eða aðildarsveitarfélög heirra fengu hana ekki senda sérstaklega til umsagnar. Allt að einu, og þrátt fyrir að formlegur umsagnarfrestur sé liðinn, óska samtökin þess að koma eftirfarandi á framfæri:

Í tillögunni er fjallað um 57 aðgerðir sem skiptast í sex flokka. Þó sú greiningarvinna sem fyrirhuguð er á grundvelli tillögunnar hafi verið fjármögnuð, sbr. umfjöllun um mat á áhrifum í greinargerð, er einnig fyrirsjáanlegt að tillögur sem mótaðar verða á grundvelli þeirrar greiningar muni hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin.

SSH vilja því leggja ríka áherslu á að aðgerðir verði kostnaðarmetnar og að undirbúnингur aðgerða sem leiða til aukins kostnaðar sveitarfélaganna, sem fara með þjónustu við fatlað fólk, verði unninn í samráði við þau. Fjármögnun málaflokksins hefur sem kunnugt er ekki verið fullnægjandi en fullnægjandi fjármögnun er fortakslaus forsenda þess að unnt sé að sinna þjónustu við fatlað fólk með þeim hætti sem sveitarfélögin vilja geta gert og til samræmis við þá framtíðarsýn og markmið sem koma fram í fyrirliggjandi tillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Taka SSH í þessum efnum heils hugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. febrúar 2024.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu



Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri